

FRÉTTIR

Umhverfissráðuneytið veitir fjölmiðlafólki viðurkenningar á Degi umhverfisins

Blaðamaður og ljósmyndari Morgunblaðsins verðlaunuð

GUÐMUNDUR Bjarnason umhverfissráðherra veitti Rögnu Söru Jónsdóttur blaðamanni á Morgunblaðinu og Ragnari Axelssyni ljósmyndara á Morgunblaðinu og austfirsku tímaritinu Glettingi, viðurkenningar umhverfissráðuneytisins á Degi umhverfisins, á sunnudaginn, en viðurkenningar voru afhentar á Café Flórúnni í Grasagarðinum í Laugardal.

Starfsmenn Morgunblaðsins hlutu viðurkenninguna fyrir greinaflokkinn Landið og orkan, sem birtist í blaðinu um nokkurra vikna skeið haustið 1998. Meðal annars var um að ræða fimm greinar, sem birtust á hverjum sunnudegi frá 20. september til 18. október. Í greinaflokknum er spurningum um framtíð hálendisins velt upp og kynntir helstu kostir sem Íslendingar standa frammi fyrir varðandi virkjana- mál og verndun hálendisins.

Vakti fólk til umhugsunar

Fjallað er um virkjanakosti og náttúrufer á væntanlegum lón- stæðum í máli og myndum, þar á meðal kortum og tölvuunnum myndum af viðkomandi svæði eftir virkjun. Það var blaðamaðurinn Ragna Sara Jónsdóttir og ljós- myndarinn Ragnar Axelsson sem unnu greinarnar, en þau ferðu- ust m.a. vítt og breitt um hálendið til að kynna sér þau svæði sem fjallað var um, en einnig kynntu þau sér viðhorf heimamanna til virkjana og atvinnumála.

Ragna Sara sagðist telja að greinarnar hefðu vakið fólk til umhugsunar um náttúruna. Hún sagði að hún og Ragnar væru mjög stolt af því að hljóta viður- kenningu sem þessa því að baki lægi gífurleg vinna. Hún sagði viðurkenninguna vera hvatningu til frekari dáða því ávallt væri ánægjulegt þegar tekið væri eftir verkum manns og þau metin að verðleikum.

Fjallað um hálendi Austurlands

Að sögn Guðmundar fékk aust- firska tímaritið Glettingur, sem

kemur út þrisvar á ári, viðurken- ninguna fyrir ítarlega umfjöllun sína, í svokölluðu Snæfellsblaði, um náttúrufer hálendis Austur- lands og áform um virkjanir þar. Í blaðinu eru yfir 20 greinar eftir ýmsa höfundu um náttúrufer norðan Vatnajökuls og hugmyndir um virkjanir og verndun svæðis- ins, en fjöldi litmynda og korta prýða blaðið. Hjörleifur Gut- tormsson alþingismaður veitti viðurkenningunni móttöku fyrir hönd Glettings.

Á umhverfispingi árið 1996 var tekin sú ákvörðun að stofnað yrði til verð- launa fyrir umfjöllun um umhverfismál í fjölmiðlum, en fjöl- miðlar, sem og ein- stakir blaðamenn, dagskrárgerðar- menn, textahöfundar og kvikmynda- gerðarmenn, eiga rétt á verðlaununum.

Alls komu sex verk til greina

Sérstök nefnd fór yfir það efni sem kom til greina, en í nefndinni áttu sæti Hugi Ólafsson, frá umhverfissráðuneyti, Fríða Björnsdóttir blaðamaður, til- nefnd af Blaða- mannafélagi Ís- lands, og Þorvarður Árnason, starfsmaður Síðfræðistofnun- ar Háskóla Íslands, en hann var til- nefndur af áhuga- samtökum um umhverfisvernd.

Valið stóð á milli sex aðila, en auk vinningshafanna tveggja voru fjögur önnur verk tilnefnd. Morgun- blaðsgreinin Sárin í landinu, þar sem textagerð var í höndum Guðna Einarssonar og ljósmyndun í höndum Ragnars Axelssonar. Umfjöllun um umhverfismál í þættinum Víðsjá á Rás 1. Þættir Ara Trausta Guð-



GUÐMUNDUR Bjarnason umhverfissráðherra afhendir Ragnari Axelssyni, ljósmyndara Morgunblaðsins, viðurkenningu á Degi umhverfisins, en Ragna Sara Jónsdóttir, blaðamaður Morgunblaðsins, fylgist með.

Virkjunarkostir á hálendi Íslands

A grid of small images and text boxes titled 'Virkjunarkostir á hálendi Íslands'. It lists various projects: Landið og Orkan, Kárahnjúkavirkjun, Fljótsdalsvirkjun, Arnardals- og Bráurvirkjun, Norðlingaöldulón, and Fossinn Dynkur. Each entry includes a small landscape photo and a brief description of the project's location and purpose.

RAGNA Sara Jónsdóttir og Ragnar Axelsson, starfsmenn ritstjórnar Morgunblaðsins hlutu viðurkenninguna fyrir greinaflokkinn Landið og orkan, sem birtist í blaðinu um nokkurra vikna skeið síðastliðið haust.



HJÖRLEIFUR Guttormsson alþingismaður veitti viðurkenningunni móttöku fyrir hönd Glettings.

mundssonar og Valdimars Leifs- sonar, í sátt við náttúruna, sem sýndir voru á Stöð 2 og að lokum þættir Ómars Ragnarssonar í Sjón- varpinu, sem báru nafnið Út vil ek. Á Degi umhverfisins afhenti umhverfissráðherra einnig tveimur

fyrirtækjum, þ.e. Olíufélagi Ís- lands og Haraldi Böðvarssyni hf., viðurkenningar fyrir að skara fram úr í umhverfismálum.

- Umhverfisstefnan/20
■ Viðurkenning/20

Reynum að setja fram óvilhallar upplýsingar

GLETTINGUR - tímarit um austfirsk málefni, fékk verðlaun umhverfissráðherra fyrir umfjöllun um umhverfismál á sunnudag. Hjörleifur Guttormsson alþingis- maður veitti verðlaun- unum viðtöku fyrir hönd aðstandendur Glettings. Sagði Hjör- leifur við það tækifæri að útgáfa Glettings væri hugsjónastarf þar eð aðstandendur ætla sér ekkert í sinn hlut. Væri slík iðja orðin næsta fágæt hálendis en þó ekki einsdæmi.



Steinunn Ásmundsdóttir, ritstjóri Glettings

Í ritnefnd Glettings sitja Helgi Hallgrímsson ábyrgðarmaður, Skarphéðinn G. Þórarinnsson og Steinunn Ásmundsdóttir, sem jafn- framt er ritstjóri síðasta heftis.

Steinunn Ásmundsdóttir rit- stjóri segir í niðurlagi ritstjórnar- spjalls síns í síðasta hefti, að Glett- ingur hafi tekist á hendur það erf-

iða hlutverk að reyna að varpa ljósi á þá margbrotnu fleti sem felast í umræðunni um virkjanir á svæðinu norðaustan Vatnajök- uls.

Steinunn sagði í samtali við Morgun- blaðið í gær að verð- launin væru mikils virði því þau vektu at- hygli á blaði sem hefur leitast við að birta vandað efni um Aust- urland í mörg ár.

„Jafnframt skiptir þetta mjög miklu máli fyrir umræðuna um virkjanir á Austur- landi. Það hlýtur að vera mikil- vægt að þakka það þegar menn taka að sér að ná einhverri yfirsýn yfir þá umræðu sem hefur gengið hér á í svo mörg ár,“ sagði Stein- unn.

Að mati Steinunnar hefur um- ræðan einkennst af því að fólk þekkir gjarnan ekki báðar hliðar á málefnum virkjana. „Fólk tekur

afstöðu án þess að hafa kynnt sér hvorutveggja málstaði og það er gríðarlega mikils virði að geta komist í upplýsingar sem eru óvil- hallar. Við vorum að reyna að setja fram óvilhallar upplýsingar í þessu tímariti og svo geta aðrir dæmt um það hvernig til tókst,“ sagði Steinunn.

Glettingur - tímarit um austfirsk málefni hefur verið gefið út á Egilsstöðum í átta ár og út eru komin 18 tölusett eintök. Síðasta hefti var gefið út í 1000 eintökum en að jafnaði er upplag tímaritsins nálægt 300 eintökum.

„Síðasta heftið og það sem ef- laust hefur beint augum umhverf- isráðuneytisins og ráðherra að ritinu ber undirtitilinn Snæfells- blað, enda fjallar það öðru fremur um Snæfellsöræfi, Eyjabakkasvæðið, Jökulsá í Fljótsdal og hugmyndir um stóriðju á Austur- landi. Þetta rit eins og fyrri tölublöð er ríkulega myndskreytt og vel úr garði gert,“ sagði Hjörleif- ur Guttormsson þegar hann veitti verðlaununum viðtöku fyrir hönd útgefenda.

Advertisement for the book 'Metsölubók um allan heim' by Bernhard Schlink. It features an image of the book cover and text describing it as a collection of recipes from various cultures. The price is listed as Kr. 1.990.- and the website www.mm.is is provided.